



PASSÍA



eftir Hafliða Hallgrímsson

fyrir kór, tvo einsöngvara og 35 hljóðfæraleikara



Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju

Föstudaginn langa, 3. apríl 2015 kl. 17

Flytjendur:

Hanna Dóra Sturludóttir mezzosópran
söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2015

Elmar Gilbertsson tenór
söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2015

Kammersveit Hallgrímskirkju - Mótettukór Hallgrímskirkju

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

FLUTNINGURINN ER TILEINKAÐUR MINNINGU GUÐMUNDAR HALLGRÍMSSONAR LYFJAFRÆDINGS

Miðaverð: 4.900 kr. - Miðasala í Hallgrímskirkju s. 510 1000 og midi.is
Listvinafélag Hallgrímskirkju 33. starfsár

PASSÍA

Hin stórbrotna óratória Passía, op. 28, eftir Haflíða Hallgrímsson
verður flutt í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa, 3. apríl nk. kl. 17.

Passía vakti mikla athygli þegar hún var frumflutt árið 2001 og geisladiskur með verkinu hlaut einróma lof jafnt hérlendis sem erlendis.

Það er samdóma álit þeirra sem komið hafa að flutningi Passíu að verkið sé eitt af stórvirkjum íslenskrar tónlistarsögu, jafnvel mikilvægasta óratória sem íslenskt tónskáld hefur samið. Viðtökur gagnrýnenda og áheyrenda hafa gefið þessari skoðun byr undir báða vængi. Passía var samin að beiðni Listvinafélags Hallgrímskirkju í tilefni af kristnitökuafmælinu árið 2000. Hún var frumflutt í Hallgrímskirkju í febrúar 2001 við frábærar undirtektir og endurflutt og hljóðrituð í nýrri gerð ári síðar og gefin út hjá finnska útgáfufyrirtækinu ONDINE. Nú gefst loks aftur tækifæri til að heyra þessa einstöku tónsmíð á tónleikum. Passía er tileinkuð Mótettukór Hallgrímskirkju og Herði Áskelssyni. Flutningurinn er tileinkaður minningu hins mikla listáhugamanns Guðmundar Hallgrímssonar lyfjafræðings, bróður tónskáldsins, sem lést í febrúar 2013.

“Music of the most sublime beauty.”

- Marc Rochester, International Record Review, May 2004

“A modern religious masterpiece. Enthusiastically recommended.”

- Calum MacDonald, BBC Music Magazine, May 2004

“Passía combines a monumental, timeless quality with an acute sense of human fragility in music of deft orchestration and highly effective vocal writing.”

- Ivan Moody, Gramophone, August 2004

“This 60-minute setting of poetic meditations on Christ’s Seven Last Words From The Cross by the seventeenth-century Icelandic poet/priest Hallgrímur Petursson is a spiritual masterpiece.”

- Neil Mackay, The Herald, Glasgow, 2001

„Passía Haflíða er eitt merkasta tónverk sem heyrst hefur í langan tíma og verður vonandi flutt aftur í náinni framtíð.“

- Jónas Sen, DV, febrúar 2001